



# FÉLAGSBLAÐ V. R.

MÁLGAGN  
VERZLUNARMANNAFÉLAGS REYKJAVÍKUR

1. TBL.

OKTÓBER 1956

1. ÁRG.

## Fylgt úr hláði

Með þessu blaði hefur göngu sína málgagn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur: Félagsblað V. R.

Tilgangur blaðsins er fyrst og fremst sá að vera vettvangur hagsmunamála félagsmanna V. R. auk annarra mála sem verzlunarmenn láta sig varða.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur hefur nú starfað í hálfan sjöunda tug ára. Nálega allan þann tíma hefur félagið verið félag launþega og vinnuveitenda. Það er fyrst á aðalfundi árið 1955 að vinnuveitendur víkja úr félaginu og það verður hreint launþegafélag. Má því segja að félagið standi á tímamótum, sem fyrst og fremst tákna stórbætta aðstöðu í baráttunni fyrir hagsmunamálum skrifstofu- og verzlunarfólks. Og nú skal sú aðstaða notfærð, meðal annars með útgáfu þessa blaðs, þar sem hagsmunamálin verða rædd og skýrð og launþegar hvattir til virkrar þátttöku í kjarabaráttunni innan skynsamlegra takmarka.

Enn vantar mikið á, að allir þeir, sem skrifstofu- og verzlunarstörf vinna séu félagar í V. R., enda þótt félagatala hafi aukizt verulega á undanförunum mánuðum. Við svo búið má ekki standa. Til þess að félagið nái tilgangi sínum verða allir þeir, sem hagsmuna hafa að gæta atvinnu sinnar vegna að gerast virkir félagar í samtökum sinnar stéttar.

Verzlunarmenn munu í engu slaka á kröfum sínum um þau lífsskilyrði, sem þeir telja réttlátleg sér til handa á hverjum tíma. Hingað til hafa þeir fengið þeim framgengt á friðsamlegan máta og munu halda áfram að vinna að framgangi þeirra án ofbeldis og þvingunar, sem afkomu þeirra og þjóðarbúskapsins í heild getur stafað hin mesta hætta af. Hinsvegar munu þeir halda á málum sínum með öllum tiltækilegum ráðum ef þeir telja sig órétti beitta. Það verður heldur ekki liðið að gengið verði framhjá hinum fjölmennu samtökum verzlunarmanna þegar fjallað er um mál, sem hafa bein áhrif á afkomu þeirra og er rétt að núverandi ráðamenn þjóðarinnar geri sér það ljóst.

Fyrir forgöngu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hefur að undanförunu ýmsum merku málum verið hrint í framkvæmd fyrir utan hinn venjulega rekstur félagsins, samningagerðir o. fl. Má þar m. a. nefna stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, en hann tók til starfa 1. febrúar s.l. Stofnun sjóðsins er heiladrjúgt spor til mikilla hagsbóta fyrir verzlunarmenn

## Kjarasamningur V. R.

### SAMNINGUR

um launakjör verzlunarfólks milli sérgreinafélaga innan vébanda Sambands smásöluverzlana, Verzlunarráðs Íslands og Kaupfélags Reykjavíkur og nágrennis annars vegar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur hins vegar.

#### 1. grein.

Laun verzlunarfólks eru í tveimur liður, A og B. Undir A-lið heyrir starfsfólk heildsölufyrirtækja og annað skrifstofufólk svo og sendlar, og skiptist hann í fimm launaflokka, sbr. 3. gr. Undir B-lið heyrja deildarstjórar, afgreiðslufólk og sendlar smásöluverzlana, og skiptist hann í sex launaflokka, sbr. 3. gr.

#### 2. grein.

Laun þau, er hér greinir, eru lágmarkslaun, og er þeim skipað eftir liðum og flokkum.

#### 3. grein.

##### A-liður.

1. flokkur (karlar): Skrifstofustjórar og fulltrúar I. flokks:

|              | Grunnl.     | Visit. 178  |
|--------------|-------------|-------------|
| Byrjunarlaun | kr. 2815.00 | kr. 5010.70 |
| Eftir 1 ár   | — 2888.00   | — 5140.64   |
| Eftir 2 ár   | — 2960.00   | — 5268.80   |

og er þess fastlega að vænta að þeir sýni því velferðarmáli sínu ekki tómlæti heldur gerist sjóðfélagar og leggi með því fram sinn skerf til eflingar sjóðnum.

Að undanförunu hefur stjórn V. R., í samráði við stjórnir félaga verzlunarmanna úti á landi, unnið að stofnun landssambands verzlunarmanna. Er málið komið á góðan rekspól og er þess að vænta að stofnun þess komizt fljótlega í kring.

Það yrði vel þegið og Félagsblaði V. R. hagnýt stoð ef verzlunarmenn rituðu um sín áhuga- og hagsmunamál og sendu blaðinu til birtingar.

Verkefnið sem hiða úrlausnar eru ótalmörg. Verzlunarmannafélag Reykjavíkur heitir á verzlunarmenn að leggja félagi sínu liðsinni í baráttu þess fyrir bættum lífskjörum þeirra.

~ ~ ~ ~

FÉLAGSBLAÐ V. R.

Útgefandi: Verzlunarmannafélag Reykjavíkur.

Ritstjóri: Sverrir Hermannsson.

Ábyrgðarmaður: Guðjón Einarsson.

Skrifstofa og afgreiðsla í V. R., Vonarstræti 4,  
Reykjavík, sími 5293, pósthólf 871.

Herbertsprent.

Eftir 3 ár ..... — 3033.00 — 5398.74  
Eftir 4 ár ..... — 3105.00 — 5526.90

2. flokkur (karlar): Aðalbókarar og fulltrúar II. flokks. Bréfritarar I. flokks (sem sjálfir geta annazt bréfaskriftir á erlendum tungumálum). Sölustjórar og aðalgjaldkerar (er hafa fullkomna bókfærslupekkingu):

Byrjunarlaun ..... kr. 2206.00 kr. 3926.68  
Eftir 1 ár ..... — 2381.00 — 4238.18  
Eftir 2 ár ..... — 2526.00 — 4496.28  
Eftir 3 ár ..... — 2670.00 — 4752.60  
Eftir 4 ár ..... — 2815.00 — 5010.70

3. flokkur (karlar): Bókarar II. flokks, sölumenn úti og inni og gjaldkerar II. flokks:

Byrjunarlaun ..... kr. 1931.00 kr. 3437.18  
Eftir 1 ár ..... — 2013.00 — 3583.14  
Eftir 2 ár ..... — 2151.00 — 3828.78  
Eftir 3 ár ..... — 2291.00 — 4077.98  
Eftir 4 ár ..... — 2413.00 — 4295.14

4. flokkur: Aðstoðarfólk á skrifstofum:

a. Aðstoðar- og skrifstofumenn (karlar) (með verzlunarskóla- eða hliðstæða menntun):

Byrjunarlaun ..... kr. 1572.00 kr. 2798.16  
Eftir 1 ár ..... — 1700.00 — 3026.00  
Eftir 2 ár ..... — 1800.00 — 3240.00  
Eftir 3 ár ..... — 1900.00 — 3382.00  
Eftir 4 ár ..... — 2000.00 — 3560.00

b. Vélritarar (konur og karlar, sem vinna að bréfaskriftum á erlendum málum) og aðstoðargjaldkerar (konur og karlar):

Byrjunarlaun ..... kr. 1351.00 kr. 2404.78  
Eftir 1 ár ..... — 1496.00 — 2662.88  
Eftir 2 ár ..... — 1641.00 — 2920.00  
Eftir 3 ár ..... — 1786.00 — 3179.08  
Eftir 4 ár ..... — 1930.00 — 3435.40

c. Annað skrifstofufólk (konur og karlar):

Byrjunarlaun ..... kr. 1180.00 kr. 2100.40  
Eftir 1 ár ..... — 1307.00 — 2326.46  
Eftir 2 ár ..... — 1435.00 — 2554.30

5. flokkur:

Sendisveinar kr. 750.00—900.00 kr. 1335.00—1602.00

B-liður.

1. flokkur: Deildarstjórar (karlar):

Byrjunarlaun ..... kr. 2295.00 kr. 4085.10  
Eftir 1 ár ..... — 2405.00 — 4280.90  
Eftir 2 ár ..... — 2510.00 — 4467.80

2. flokkur: Afgreiðslumenn með verzlunarskóla- eða hliðstæða menntun eða þriggja ára starfsreynslu. Deildarstjórar (konur):

Byrjunarlaun ..... kr. 1955.00 kr. 3479.90  
Eftir 1 ár ..... — 2125.00 — 3782.50  
Eftir 2 ár ..... — 2235.00 — 3978.30

3. flokkur: Aðrir afgreiðslumenn:

Byrjunarlaun ..... kr. 1615.00 kr. 2874.70  
Eftir 1 ár ..... — 1800.00 — 3204.00  
Eftir 2 ár ..... — 1955.00 — 3479.90

4. flokkur:

a. Afgreiðslustúlkur (með verzlunarskóla- eða hliðstæða menntun, eða 5 ára starfsreynslu):

Byrjunarlaun ..... kr. 1200.00 kr. 2136.00  
Eftir 1 ár ..... — 1660.00 — 2954.80

b. Aðrar afgreiðslustúlkur:

Byrjunarlaun ..... kr. 1050.00 kr. 1869.00  
Eftir 6 mán. .... — 1150.00 — 2047.00  
Eftir 12 mán. .... — 1265.00 — 2251.70  
Eftir 18 mán. .... — 1460.00 — 2598.80  
Eftir 36 mán. .... — 1560.00 — 2776.80

5. flokkur: Unglingar að 16 ára aldri:

Byrjunarlaun ..... kr. 1000.00 kr. 1780.00  
Eftir 1 ár ..... — 1110.00 — 1975.80  
Eftir 2 ár ..... — 1210.00 — 2153.80

6. flokkur:

Sendisveinar kr. 750.00—900.00 kr. 1335.00—1602.00

4. grein.

Á allt kaup, sem um getur í samning þessum, skal koma full verðlagsuppbót, samkvæmt kaupgjaldsvisistölu, eins og hún er á hverjum tíma, 1. marz, 1. júní, 1. september og 1. desember, að viðbættum 10 stigum. Launagreiðslur skulu fara fram mánaðarlega og eigi síðar en annan dag hvers mánaðar eftir á.

5. grein.

Gegni sami maður tveimur eða fleirum mismunandi störfum hjá sama fyrirtæki skulu honum greidd laun samkvæmt hæsta launaflokki viðkomandi starfsgreina, nema hann taki eitthvert starf að sér sem aukastarf.

6. grein.

Sé vinna ynnst af hendi utan samningsvæðis, skal vinnuveitandi sjá vinnubega fyrir friu fæði, friu húsæði, svo og frírri ferð fram og til baka.

7. grein.

Sumarleyfi skal vera 18 virkir dagar á ári fyrir eins árs starfstíma, sem er 6% af árskaupi. Eftir 10

ára starf hjá sama fyrirtæki, skal starfsmaður hafa þriggja daga og eftir 20 ára starf hjá sama fyrirtæki sex daga fri að auki, og skal það tekið að vetrinum, nema samkomulag verði um annað við atvinnurekanda. Samkomulag við atvinnurekanda ræður hvenær leyfið er tekið.

#### 8. grein.

Vinnutími í sölubúðum skal vera 48 klukkustundir á viku. Vinna skal hefjast kl. 9 að morgni eða að einhverju leyti fyrr, eftir því sem heppilegt verður talið fyrir hverja sérgrein. Alla virka daga ársins skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 18. Þó skulu vera frá þessu undantekningar, er nú skal greina:

Aðfangadag jóla skal eigi loka síðar en kl. 13 og á gamlaársdag kl. 12. Þriðja dag jóla skulu sölubúðir opnaðar kl. 10. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla er heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 24. Síðsta laugardag fyrir jól (annan en Þorláksmessu, ef hann ber upp á laugardag) eða annan virkan dag skömmu fyrir jól er heimilt að halda búðum opnum til kl. 22. Á tímabilinu frá og með 1. október til 31. desember skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 16 á laugardögum. Á tímabilinu frá og með 1. janúar til 30. apríl skal loka eigi síðar en kl. 13 á laugardögum og á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal loka eigi síðar en kl. 12 á laugardögum. Á tímabilinu frá 1. janúar til 30. september er heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 19 á föstudögum.

Vinnustundafjöldi á skrifstofum skal vera 41 klst. á viku frá 1. október til 30. apríl og 39 klst. á viku frá 1. maí til 30. september.

Á tímabilinu frá og með 1. október til 30. apríl skal vinnutíminn vera þannig: Frá kl. 9—17 alla virka daga nema laugardaga frá kl. 9—12, en heimilt er að halda skrifstofum opnum hálf tíma lengur á dag frá og með mánudegi til fimmtudags og klukkutíma lengur á föstudögum. Á tímabilinu frá og með 1. maí til 30. september skal vinnutíminn vera þannig: Frá kl. 9—17 alla virka daga nema laugardaga frá kl. 9—12, en heimilt er að halda skrifstofum opnum til kl. 18 á föstudögum á þessu tímabili. Aðfangadag jóla og gamlaársdag skal loka eigi síðar en kl. 12.

Eftirvinna greiðist með 50% álagi. Vinnulaun pr. klukkustund finnast með því að deila mánaðarlegum vinnustundafjölda í mánaðarlaun viðkomandi aðila.

Sömuleiðis greiðist nætur- og helgidagavinna með 100% álagi, og skal hún reiknast frá því þrem tímum eftir löglega lokun og fram til kl. 9 að morgni, sbr. þó síðustu málsgrein. Þeir, sem byrja vinnu fyrr en kl. 9 að morgni, skulu þeim mun fyrr fá greitt eftir- og næturvinnukaup.

Starfsfólki skal skylt að vinna að venjulegri standsetningu eftir lokun og ljúka afgreiðslu pantana.

#### 9. grein.

Starfsfólk skal mæta stundvíslega til vinnu sinnar, hvort heldur þá vinna hefist að morgni eða eftir matar- og kaffihlé.

Starfsfólk það, er fellur undir B-lið, skal hafa 1½ klst. samtals sem matar- og kaffihlé, en starfsfólk, sem fellur undir A-lið, skal hafa 1 klst. matarhlé.

FÉLAGSBLAÐ V. R.

#### 10. grein.

Launagreiðslum til starfsmanna í veikindaförföllum þeirra skal haga þannig:

Á fyrsta ári einn dag fyrir unninn mánuð, eftir það sex vikna laun og eftir 10 ár þriggja mánaða laun. Skal starfsmaður leggja fram læknisvottorð.

Við vinnuráðningu skulu starfsmenn leggja fram læknisvottorð um heilsufar sitt, en síðan fari árlega fram lækni skoðun á þeim, og skulu þá atvinnurek endur greiða kostnað við hana.

#### 11. grein.

Starfsuppsögn af beggja hálfu skal vera þrjú mánuðir að reynslutíma loknum, en hann skal vera 1—3 mánuðir eftir samkomulagi. Uppsögnin skal vera skrifleg og bundin við mánaðamót.

Þessi uppsagnarákvæði gilda þó ekki, ef starfsmaður sýnir vitaverða vanrækslu í starfi sínu, eða atvinnurekandi gerist brotlegur gagnvart starfsmanni.

#### 12. grein.

Verzlunarfólk, sem er í V. R. og samningur þessi nær yfir, hefur forgangsrétt að starfi hjá atvinnurekendum þeim, sem eru aðilar að samningi þessum.

Atvinnurekendur taki að sér að innheimta árgjöld félaga V. R. gegn stimplaðri kvittun undirritaðri af gjaldkera félagsins eða starfsmanni þess, enda mót-mæli viðkomandi ekki að greiða.

#### 13. grein.

Rísi ágreiningur milli samningsaðila, skal leggja alan slíkan ágreining, eða meint brot á samningum fyrir sáttanefnd, sem þannig er skipuð, að hvor aðili tilnefnir einn aðalman og einn til vara. Skulu þeir rannsaka ágreiningsatriðin og ráða þeim til lykta, ef unnt er. Hafi mennirnir ekki lokið starfi sínu innan þriggja daga frá því að þeir hafa verið kvaddir til starfs, ber nefndarmönnum að snúa sér til borgardómarans í Reykjavík, sem þá útnefnir þriðja manninn í nefndina, sem reyni ásamt hinum að jafna deiluatriðin. Skal nefndin hafa lokið störfum sínum innan þriggja daga frá því er þriðji maður var skipaður.

#### 14. grein.

Samkomulag er um, að stofnaðir verði lífeyrissjóðir verzlunarmanna, sem starfi samkvæmt frumvarpi að reglugerð, er samin hefur verið af lífeyrissjóðsnefndum V. R. og kaupsýslumanna og fylgir hér með ásamt tilgreindum breytingum.

Samningsaðilar skipi tvo menn hver til þess að ganga endanlega frá reglugerð sjóðsins á framangreindum grundvelli.

#### 15. grein.

Samningur þessi gildir frá 1. apríl 1955 til 1. júní 1956 og framlengist sjálfkrafa um sex mánuði í senn, verði honum ekki sagt upp með eins mánaðar fyrirvara. Þó skal starfsmaður, er nýtur betri kjara en ákveðin eru í samningi þessum, halda þeim réttindum óskertum meðan hann gegnir sama starfi.

Nú verður breyting á lögfestu gengi ísl. krónunnar og skal þá heimilt að segja samningum upp með eins mánaðar fyrirvara.

~ ~ ~ ~

# Lífeyrissjóður verzlunarmanna er tekinn til starfa

Stórfellt hagsmunamál verzlunarstéttarinnar, sem fengizt hefur með samningum við atvinnurekendur.

Vafalaust má ætla að lífeyrissjóðsmál verzlunarstéttarinnar eigi sér langan aðdraganda, þó sú saga sé að visu lítt kunn. Veit ég þó til þess að ýmsir eldri verzlunarmenn hafa lengi haft hug á því að koma á einhverju tryggingarkerfi, sem veitti þeim örugga tryggingu, þá er aldurinn færðist yfir og starfskraftarnir minnkuðu.

Verzlunarstarfið er að ýmsu leyti ekki óskýlt starfi ýmissra opinberra starfsmanna ríkis og bæja, enda ekki ósjaldan verið tekið til samanburðar, þegar um launamál verzlunarfólks hefur verið fjallað. En að því er snertir eftirlaun og aðra tryggingu vegna starfsins hefur verzlunarmaðurinn staðið langt að baki starfsmönnum hins opinbera.

Með stofnun Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur þetta bil þó verið brúað að fullu, því sjóðurinn er byggður upp á nákvæmlega sama grundvelli og lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Hefur sjóðurinn þegar verið staðfestur af Fjármálaráðuneytinu og viðurkenndur af Tryggingarstofnun ríkisins.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna er fyrst og fremst eftirlaunasjóður, sem greiðir sjóðfélögum allt að 60% árslaun, þegar sjóðfélagi er orðinn 67 ára gamall, og miðast það við meðallaun hans síðustu 10 árin, sem hann tekur laun. Í öðru lagi greiðir sjóðurinn maka sjóðfélaga lífeyri að sjóðfélaga látnum og sömuleiðis börnum hans innan 16 ára aldurs. Loks greiðir sjóðurinn örorkulífeyri samkvæmt ákveðnum reglum í þeim tilfellum að sjóðfélagi veikist eða slasast.

Á þeim stutta tíma, sem liðinn er, frá því að sjóðurinn tók til starfa, má marka það að verzlunarfólkið kann vel að meta stofnun sjóðsins enda hefur tala sjóðfélaga farið vaxandi með hverjum deginum, sem liður og áhugi verzlunarfólks á sjóðnum virðist mjög almennur.

Þó ætla ég að fáir fagna eins mikið tilkomu sjóðsins og eldra verzlunarfólkið, jafnvel þó það geti ekki notið sjóðsins til fulls vegna aldurs, en sá, sem nú er að nálgast eftirlaunaaldurinn, hann getur vafalaust gert sér enn betur í hugarlund hvert gildi það hefði verið fyrir sig, ef sjóðsins hefði notið við á undanförunum áratugum. Hinn ungi verzlunarmaður í dag getur því horft vonbetri augum til framtíðarinnar í þessu tilliti, en fyrirrennari hans. Og eitt er staðreynd, að vegna lífeyrissjóðsins þarf verzlunarmaðurinn ekki að vinna jafn langan starfsdag um ævina og ella. Í því sambandi verður mér hugsað til kunningja míns, sem nú er rúmlega áttræður, en er ennþá innheimtumaður hjá stóru fyrirtæki hér í bæ. Hefði þessi ágæti kunningi átt þess kost að vera í lífeyrissjóði um ævina, hefði hann getað hætt störfum að mestu leyti fyrir um það bil 15 árum.

Frá sjónarmiði atvinnurekandans, þá ættu þeir að mínum dómi einnig að fagna því að sjóður þessi hefur

verið settur á stofn, því með þeim hluta iðgjaldsins, sem þeir greiða, þá koma þeir allri ábyrgð gagnvart starfsmönnum sínum yfir á lífeyrissjóðinn. Ég hygg að margir atvinnurekendur muni vilja viðurkenna að þeim beri að sinu leyti siðferðileg skylda til þess að veita aðstoð þeim starfsmönnum sínum, sem lengi hafa hjá þeim starfað, ef sjúkdóma og slys ber að höndum og eins þegar aldur starfsmannsins hefur náð því marki, að ekki verður lengur starfað. En þessari siðferðilegu skyldu fullnægja þeir atvinnurekendur fullkomlega, sem tryggja starfsfólk sitt í lífeyrissjóðnum.

Svo er það annar þáttur sjóðstofnunarinnar, sem verzlunarfólk mun að sjálfsögðu fagna og sem vafalaust á eftir að mega sín mikils í framtíðinni, en það er lánastarfsemin. Svo sem reglugerð sjóðsins ber með sér skal ávaxta fé sjóðsins á eftirfarandi hátt: Í fyrsta lagi í lánum tryggðum með veði í fasteignum, í öðru lagi í bönkum og sparissjóðum, sem uppfylla ákveðin skilyrði og loks í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum tryggðum með ábyrgð ríkissjóðs. Skulu sjóðfélagar hafa forgangsrétt til lántöku að öðru jöfnu, að því er snertir það fé, sem hægt er að festa í lánum til lengri tíma.

Að lokum vil ég láta þess getið að skrifstofa Lífeyrissjóðsins verður til húsa í Hafnarstræti 1, þar sem Verzlunarsparissjóðurinn er og vil ég beina því til þess verzlunarfólks, sem ekki er þegar aðilar að sjóðnum, að hafa samband við skrifstofuna, ef það þarfnast einhverra upplýsinga eða aðstoðar í sambandi við þetta mál.

Ingvar N. Pálsson.

## Hjörtur Hansson, stórkaupmaður, látinn

Hjörtur Hansson, stórkaupmaður, lézt aðfaranótt 1. þ. m.

Hjörtur var einn af forystumönnum verzlunarstéttarinnar og kom mjög mikið við sögu Verzlunarmannafélags Reykjavíkur. Hann sat lengi í stjórn félagsins og var formaður þess tveggja ára skeið og ennfremur framkvæmdastjóri um tíma. Hjörtur Hansson var heiðursfélagi V. R.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sendir ekkju hins látna og öðrum vandamönnum innilegar samúðarkveðjur.

### ORÐSENDING

#### FRÁ LÍFEYRISSJÓÐI VERZLUNARMANNA.

Með blaðinu í dag sendum vér yður skýrsluform sem útfylla skal af sjóðfélögum lífeyrissjóðsins.

Þeir verzlunarmenn og konur, sem ekki eru þegar meðlimir sjóðsins, en óska að gerast sjóðfélagar, skulu fylla út skýrsluna og senda hana þannig til skrifstofu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Hafnarstræti 1. Pósthólf nr. 93.